

Tillögur stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna Til breytinga á samþykktum sjóðsins

Lagðar fram á ársfundi 27. apríl 2022

Tillaga 1 er vegna beggja deilda, en tillaga 2 er vegna Aldursdeildar.

Fyrsta tillaga er varðar 6. grein – Ársfundir.

Breyting á 6. gr. samþykktu, lið 6.1:

Var:

Stjórn sjóðsins skal efna til ársfundar eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Fundinn skal boða með mánaðar fyrirvara með tryggilegum hætti m.a. með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði. Rétt til setu á ársfundi hafa allir sjóðfélagar og hafa þeir tillögurétt og jafnan atkvæðisrétt sbr. þó 2. mgr. 7. gr.

Á ársfundi skulu eftirgreind mál tekin fyrir:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.
- c) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- d) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.
- e) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins
- f) Kosning stjórnarmanna skv. 2. gr.
- g) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- h) Fjárfestingarstefna sjóðsins.
- i) Önnur mál.

Verður:

Stjórn sjóðsins skal efna til ársfundar **fyrir lok júnímánaðar** ár hvert. Fundinn skal boða með **minnst fjögurra vikna** fyrirvara með tryggilegum hætti m.a. með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði. Rétt til setu á ársfundi hafa allir sjóðfélagar og hafa þeir tillögurétt og jafnan atkvæðisrétt sbr. þó 2. mgr. 7. gr.

Á ársfundi skulu eftirgreind mál tekin fyrir:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.
- c) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- d) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.
- e) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins
- f) Kosning stjórnarmanna skv. 2. gr.
- g) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- h) Fjárfestingarstefna sjóðsins.
- i) Önnur mál.

Greinargerð með fyrstu tillögu er varðar báðar deildir.

Lagt er til að auka svigrúm er varðar tímasetningu ársfunda til samræmis við þau mörk sem sett eru í 30. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða enda núverandi tímamörk óþarflega þröng í samanburði við marga aðra lífeyrissjóði. Þá hafa síðustu ár jafnframt sýnt að æskilegt er að hafa nokkuð svigrúm í þessu efni. Jafnframt er lagt til að skýra orðalag er varðar fyrirvara á boðun ársfundar.

Önnur tillaga er varðar 18. grein – Iðgjöld til sjóðsins

Breyting á 18. gr. samþykkt, lið 18.1:

Var:
Iðgjöld sjóðfélaga skulu vera 12% af heildarlaunum hans, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997 og skiptist þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 6%. Auk þess greiðir launagreiðandi að lágmarki 2% í séreignarsjóð, en sú greiðsla er skv. kjarasamningi milli Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins, gr. 8.1.

Verður:
Iðgjöld sjóðfélaga **til sjóðsins** skulu vera 12% af heildarlaunum hans, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997 og skiptist þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi **8%**. Auk þess greiðir launagreiðandi í séreignarsjóð skv. kjarasamningi.

Greinargerð með annari tillögu er varðar Aldursdeild.

Þó tryggingafræðileg staða Aldursdeildar sé jákvæð þá hefur um nokkurt skeið verið halli á s.k. framtíðarstöðu deildarinnar sem þýðir að réttindatöflur sjóðsins tilgreina í raun hærri árleg lífeyrisréttindi en eðlilegt er fyrir það iðgjald sem greitt er. Slík staða er ekki sjálfbær til lengdar og gæti með tímanum myndað halla á tryggingafræðilegri stöðu deildarinnar. Núverandi iðgjald til sjóðsins, sem almennt er einungis 10%, stendur í dag undir lögbundinni lágmarkstryggingarvernd (56%) miðað við núgildandi réttindatöflur og því hefur ekki verið unnt að breyta ávinnslutöflum að óbreyttu iðgjaldi. Því er nauðsynlegt að hækka iðgjaldið og skapa þannig svigrúm til að samræma réttindaávinnslna og iðgjaldagreiðslurnar og koma á jafnvægi í framtíðarstöðu deildarinnar.

Nái þessi breyting fram að ganga verða samhliða gerðar breytingar á réttindatöflum Aldursdeildar til að ná eðlilegu samræmi milli réttindaávinnslna og iðgjalda. Nánar er fjallað um málið í minnisblaði tryggingafræðings sjóðsins.

Nýjar samþykktir taka gildi eftir að þær hafa hlotið samþykki aðildarfyrirtækja og Fjármálaráðuneytis. Þangað til gilda eldri samþykktir sjóðsins frá 16. desember 2021.